

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 1/2018

2019/EES/98/01

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á starfsreglum sameiginlegu EES-nefndarinnar

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu ⁽¹⁾, sem var undirritaður 25. júlí 2007, urðu breytingar á 1. mgr. 129. gr. EES-samningsins með því að búlgörsku og rúmensku var bætt við lista yfir tungumál EES-samningsins.
- 2) Samningurinn um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu öðlaðist gildi 9. nóvember 2011.
- 3) Búlgörsku og rúmensku skal bætt við lista yfir tungumál í starfsreglum sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem samþykktar voru með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/94 frá 8. febrúar 1994 ⁽²⁾, og breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2005 frá 8. febrúar 2005 ⁽³⁾. Því ber að breyta lista yfir tungumál starfsreglna EES-nefndarinnar í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/94 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað 2. mgr. 6. gr.:

„Textar EB-gerða sem á að taka upp í viðauka við samninginn í samræmi við 1. mgr. 102. gr. eru jafngildir á búlgörsku, tékknesku, dönsku, hollensku, ensku, eistnesku, finnsku, frönsku, þýsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku og sænsku eins og þeir eru birtir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Þeir skulu útbúnir á íslensku og norsku og fullgildir af sameiginlegu EES-nefndinni ásamt viðeigandi ákvörðunum sem um getur í 1. mgr.“

2. Eftirfarandi kemur í stað 1. mgr. 11. gr.:

„Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á viðaukum, bókunum við samninginn skulu birtar á búlgörsku, tékknesku, dönsku, hollensku, ensku, eistnesku, finnsku, frönsku, þýsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku og sænsku í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og á íslensku og norsku í EES-viðbæti þeirra.“

2. gr.

Ákvörðun þessi skal taka gildi sama dag og hún er samþykkt.

⁽¹⁾ Stj.íð. ESB L 221, 25.8.2007, bls. 15.

⁽²⁾ Stj.íð. ESB L 85, 30.3.1994, bls. 60.

⁽³⁾ Stj.íð. ESB L 161, 23.6.2005, bls. 54.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.